

Mál nr. 4/2010
Höttur
gegn
Aftureldingu

Kæra Hattar

Kröfur: Þess er krafist að leikur Aftureldingar/Hvíta gegn Hetti/Einherja í C riðli 2.flokks karla sem fram fór sunnudaginn 12.september 2010 verði ógiltur og að nýr leikur fari fram á heimavelli síðarnefnda liðsins.

Málsatvik og lagarök: Sunnudaginn 12.september 2010 var settur á leikur Aftureldingar/Hvíta gegn Hetti/Einherja í C riðli 2.flokks karla. Leikurinn átti að fara fram á Varmárvelli kl 14:00 skv. mótaskrá KSÍ. Þegar lið Hattar mætti til leiks að Varmá og spurðust fyrir um klefa könnuðust menn þar ekki við það að umræddur leikur ætti að fara þar fram. Þar var þó stödd kona sem virtist þekkja eitthvað til innan Aftureldingar og hringdi eftir upplýsingum. Því næst færði hún þjálfara Hattar þar fréttir að leikurinn yrði á Tungubakkavelli og kvartaði hann yfir því að hafa ekki verið látinn vita af þeirri breytingu.

Þessar breytingar voru ekki skráðar inn á mótaskrá KSÍ og Hetti var aldrei tilkynnt um þær. Þetta teljum við ekki í samræmi við reglu 15.7. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Það er þó ljóst að menn eru ekki að fara að láta slík smáatriði stoppa sig í að spila leik, þegar búið er að fljúga mannskapnum að austan. Samkvæmt þessari sömu reglu 15.7 hefur mótanefnd þannig heimild til að ógilda leiki þar sem leikstað er breytt án samþykkis mótanefndar. Mótanefnd er hinsvegar heimilt að láta úrslit leiks standa, sé að öðru leyti farið eftir reglum KSÍ.

Brotalamir þær sem voru í framkvæmd Aftureldingar á leiknum voru hinsvegar slíkar að það getur á engan hátt talist að fara að öðru leyti eftir reglum KSÍ. Þegar liðin yfirgáfu búningaklefa og gengu til leiks sem átti að hefjast kl 14:00 kom í ljós að engir dómara voru mættir til leiks. Þjálfari Hattar lýsti mikilli óánægju með þetta við þjálfara Aftureldingar, en enginn forráðamaður Aftureldingar var sjáanlegur á svæðinu. Leikurinn hófst svo loks um 10 mínútum seinna en hann átti að gera, en þá hafði þjálfari Aftureldingar boðið þjálfara Hattar að tilnefna einn af sínum varamönnum til þess að taka að sér aðstoðardómarahlutverk. Því boði var hafnað á þeim forsendum að við værum mættir með leikmenn til að spila fótoltaleik og það væri hlutverk heimaliðs að sjá um dómgæslu leiksins. Framkvæmdin var ekki betri en sú að þegar ungur drengur klæddur í dómaratreyju mætti til leiks þurfti hann að byrja á að fá lánaðan keppnisbolta frá Hetti. Þjálfari Hattar sagði við dómara að þessi framkvæmd væri algjörlega til skammar fyrir félagið, en hann sagðist ekkert geta gert að því og blés leikinn á. Regla 38.5 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót gerir það að verkum að lið Hattar varð að spila leikinn, enda þótt rætt hefði verið að gera það ekki. Töldum við háar sektir geta legið við því og því var leikurinn spilaður til enda við þessar aðstæður.

Það kom fljótlega í ljós að dómari leiksins hafði greinilega ekki mikla reynslu af dómgæslu og var þjálfari Aftureldingar spurður hvort þessi maður hefði réttindi til að dæma fótoltaleik, einu svörin sem komu af bekk Aftureldingar voru ummæli um dómgæslu fyrir austan fyrr um sumarið. Það var svo ekki til að hjálpa dómara leiksins að aðstoðardómaraarnir í leiknum voru samtals að minnsta kosti fimm, en þar voru á ferðinni leikmenn heimaliðsins sem voru á skýrslu sem leikmenn. Enda var það svo að leikmenn sem skipt var útaf tóku við flagginu fyrir aðstoðardómara sem fóru inn á völlinn.

Samkvæmt reglu 19.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skal heimalið vera ábyrgt bæði fyrir dómara og aðstoðardómurum í C.deild 2.flokks. Gísli Magnús Garðarsson kt. 160292-2109 dómari leiksins hefur samkvæmt því sem við finnum í gagnagrunni KSÍ engin dómara réttindi og er því með öllu óhæfur til að dæma leik í 2.flokki karla. Í reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn eru gerðar ákveðnar kröfur til dómara og aðstoðardómara í 2.flokki í 2. og 3.gr. Þá er það ljóst að það stenst enga skoðun að hafa spilandi leikmenn sem hluta af dómurum leiksins. Samkvæmt reglu 19.5 ber að setja leik á að nýju á heimavelli aðkomuliðs, séu dómara

með réttindi ekki mættir innan 30 mínútna frá því leikur á að hefjast. Í þessu tilfelli mættu dómara með réttindi einfaldlega aldrei til leiks.

Loks vísuð við í grein 17.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. *Kapleikur er því aðeins gildur, að farið sé eftir lögum og reglugerðum KSÍ.*

Rök: Höttur telur alveg ljóst að mál þetta skuli tekið til efnismeðferðar, enda hafi framkvæmd þessari verið mótmælt eins og hægt var fyrir leik. Hinsvegar var enginn á staðnum nema leikmenn og erlendur þjálfari Aftureldingar. Þjálfarinn sagðist ekki bera ábyrgð á þessu, það ætti að vera listi í gangi og dómara sem ættu að mæta. Fljótlega eftir að leikur hófst bar þar að mann og var hann spurður hvort hann væri forráðamaður hjá Aftureldingu, en hann svaraði því til að hann væri aðeins þjálfari m.fl. kk. Hann fékk svosem að heyra óánægju okkar með framkvæmdina, en ljóst að það þýddi lítið að kvarta formlega við hann frekar en aðra sem á svæðinu voru. Þá fengum við kennitölu hjá dómara leiksins strax að honum loknum og var honum tilkynnt það að þessi leikur færi inn á borð til KSÍ. Við viljum þó taka það fram að þar er á engan hátt við strákinn sjálfan að sakast, enda var hann settur í aðstöðu sem væri erfið, jafnvel fyrir þrautreyndan dómara. Hvort þetta sé framkvæmd sem KSÍ telur sæmandi fyrir leiki í Íslandsmóti 2.flokks er svo í höndum aga og úrskurðanefndar að kveða upp úr með. Við teljum hinsvegar að það sé of margt athugavert við þessa framkvæmd Aftureldingar á leiknum til að hægt sé að láta það óátalið. Þá teljum við víst að leikur þessi hefði spilast allt öðruvísi ef þar hefðu verið dómara sem væru starfi sínu vaxnir en ekki þátttakendur í leiknum sjálfir ásamt réttindalausum dómara.

Framlögð gögn: Kærandi leggur fram útprentun af leikskýrslu leiksins af ksi.is og fer fram á það að KSÍ leggi leikskýrsluna sjálfa til þegar hún berst, útprentun úr félagatali KSÍ sem sýnir Gísla Magnús Garðarsson dómara leiksins skráðan í KR og loks útprentun af vef KSÍ sem sýnir alla dómara KR og er hans nafn hvergi þar að finna.

Vitni: Kærandi telur að duga eigi að kalla til skýrslutöku þá Gísla Magnús Garðarsson dómara leiksins, kt. 160292-2109, Viðar Örn Hafsteinsson þjálfara 2.fl. Hattar, kt. 060585-2539 og John Henry Andrews þjálfara 2.fl. Aftureldingar, kt. 27097834-049. Þá bendum við einnig á Pétur F. Gíslason, kt. 111279-4709 og Pétur Heimisson, kt. 021154-4589 sem vitni um framkvæmd leiksins.

Virðingarfyllst.

F.h. Hattar.

Viðar Örn Hafsteinsson framkvæmdastjóri

Greinargerð Aftureldingar

Varðandi ákæruliði á hendur Aftureldingu skal eftirfarandi koma fram:

Varðandi leikvöll í C riðli Íslandsmóts 2.flokks karla hafa allir leikir flokksins farið fram á Tungubakkavelli og var mótastjóra og öðrum starfsmanni mótamála á skrifstofu KSÍ tilkynnt með tölvupósti að allir heimaleiki Aftureldingar færu fram á Tungubakkavelli sumarið 2010. Ekki er því við Aftureldingu að sakast að heimasíða KSÍ sé ekki með réttum upplýsingum þar sem þær bærust fyrir Íslandsmót til skrifstofu KSÍ.

Varðandi reglu 15.7. í reglugerð KSÍ var því leikstað ekki breytt og getur mótastjóri KSÍ borið vitni um það að allir heimaleikir Aftureldingar fóru fram á Tungubakkavelli sumarið 2010.

Varðandi framkvæmd leiks Aftureldingar/Hvíta Riddarans og Hattar/Einherja er mikilvægt að eftirfarandi komi fram:

Það er rangt með farið að Afturelding hafi ekki útvegað dómara á leik Aftureldingar/Hvíta Riddarans og Hattar/Einherja þann 12.september síðastliðinn.

Línuverðir sem settir voru á leikinn mættu hins vegar ekki til leiks og er einfaldlega um mannleg mistök að ræða. Starfsmaður Aftureldingar á Tungubökkum brást skjótt við þessu og tilkynnir þjálfara Aftureldingar um stöðu mála. Þjálfara Hattar/Einherja var einnig gert viðvart um leið og þetta kom upp og tilkynnt um að leikur hæfist nokkrum mínútum of seint af þessum sökum. Dómari leiksins var mættur og var þjálfara gestaliðsins tjáð að línuverðir hefðu klikkað og því gæti heimalið séð um línuverði eða tilnefna einn af sínum til verksins. Þjálfari gestaliðs féllst á að leikmenn heimaliðs mættu sinna hlutverki aðstoðardómara og leikurinn hófst fáeinum mínútum of seint af þessum sökum. Eða 14:04 samkvæmt dómara og vallarstjóra á Tungubökkum.

Tekið skal fram að þjálfari Hattar/Einherja gerði aldrei athugasemdir við starfsmann Aftureldingar um ósætti vegna þessarar ákvörðunar að nota línuverði úr liði Aftureldingar og samþykkti beiðnina og getur þjálfari Aftureldingar vitnað um það.

Varðandi röksemdafærslu Hattar/Einherja er farið með rangt mál að enginn starfsmaður Aftureldingar hafi verið á staðnum. Starfsmaður Aftureldingar opnaði búningsaðstöðu og var á staðnum allan leikinn og var mættur 90 mínútur fyrir leik. Þjálfara gestaliðs var gert það ljóst að mistök hafi átt sér stað varðandi hlutverk heimaliðs að ítreka leikinn við skráða aðstoðardómara og var málið leyst í fullu samráði við forráðamann gestaliðs fyrir áætlaðan leiktíma.

Varðandi dómara leiksins að þá var það ekki af ásetningi að starfsmaður dómaramála hjá Aftureldingu setti réttindalausán dómara í starfið. Það er ekkert við dómara leiksins að sakast í þessum efnum. Dómari leiksins og aðstoðardómarar dæmdu leikinn vel og til vitnis um það kom forráðamaður gestaliðs á tal við vallarstjóra Tungubakka og hafði orð á því að aðstoðardómarar hefðu ekki áhrif á gang leiksins þrátt fyrir að þeir teldust til leikmannahóps Aftureldingar. Einnig skal það tekið fram að dómara leiksins dæmdu mark af heimaliðinu í þessum leik til vitnis um það að ekki var um neina heimadómgæslu að ræða eða ófagmennsku og fór leikurinn fram í mesta bróðerni.

Það er einnig rangt að þjálfari gestaliðs hafi rætt við dómara fyrir leik liðanna og kvartað yfir línuverðum eða gert athugasemdir við hann beint um framkvæmd leiksins. Dómari getur vitnað um það.

Það er vandasant verk fyrir aðildarfélög KSÍ að útvega dómara og aðstoðardómara í alla heimaleiki félagsins og í þessu tilfelli hefur Afturelding boðið uppá dómara og aðstoðardómara í alla leiki allra flokka karla og kvenna og mega önnur félög taka það til fyrirmyndar. Yfir 140 störf þurfti Afturelding að manna í 11-manna leikjum sumarsins og tókst að manna tríó á alla leiki að þessum undanskildum.

Tekið skal fram að í mörgum leikjum Aftureldingar á útivöllum tókst ekki að manna tríó á leiki og því voru það leikmenn heimaliðs í einhverjum tilfellum sem tóku að sér hlutverk aðstoðardómara eða var hreinlega leikið án þeirra.

Það er metnaðarmál hvers félags að standa vel að heimaleikjum síns félags og þykir stjórn knattspyrnudeildar það miður að ekki skyldi allt vera með eðlilegum hætti í þessu tilfelli og hefur hér með fært rök fyrir sínu máli.

Virðingarfyllt,
f.h. Aftureldingar

Brynjar Jóhannesson
Framkvæmdastjóri Aftureldingar

Bjarki Már Sverrisson
Yfirþjálfari knattspyrnudeildar

Úrskurður Aga og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2010, þriðjudaginn 4. október er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Halldóri Frímannssyni, Þresti Ríkharðssyni og Gunnari Guðmundssyni

Fyrir er tekið málið nr. 4 /2010:

Höttur - rekstrarfélag ehf. f.h. knattspyrnudeildar Hattar og Ungmennafélagið Einherji
gegn
Ungmennafélaginu Aftureldingu, knattspyrnudeild og Hvíta riddaranum, knattspyrnudeild

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi: Höttur - rekstrarfélag ehf., kt. 630205-0930, f.h. knattspyrnudeildar Hattar, kt. 420786-1159, Skógarlöndum, Egilsstöðum, hér eftir nefnt Höttur og Ungmennafélagið Einherji, Einherjaheimilinu Hafnarbyggð 4, Vopnafirði

Kærði: Afturelding, knattspyrnudeild kt. 101163-7099, Íþróttamiðstöðinni Varmá Mosfellsbæ og Hvíti riddarinn, knattspyrnudeild Mosfellsbæ

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ þann 16. september sl. með símbrefi og með pósti sem barst daginn eftir. Dómari ákvað að gefa kærða kost á að skila geinargerð og barst hún skrifstofu KSÍ þann 24. september s.l.

Kröfur:

Kærandi gerir þær dómkröfur að leikur Aftureldingar/Hvíta (riddarans) gegn Hetti/Einherja í C riðli 2. flokks karla sem fram fór sunnudaginn 12. september 2010 verði ógiltur og að nýr leikur fari fram á heimavelli síðarnefnda liðsins.

Hið kærða félag krefst þess að úrslit áður nefnds leiks málsaðila standi óhögguð.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum og lagarökum á efirfarandi hátt:

Málsatvik og lagarök: Sunnudaginn 12. september 2010 var settur á leikur Aftureldingar/Hvíta gegn Hetti/Einherja í C riðli 2.flokks karla. Leikurinn átti að fara fram á Varmárvelli kl 14:00 skv. mótaskrá KSÍ. Þegar lið Hattar mætti til leiks að Varmá og spurðust fyrir um klefa könnuðust menn þar ekki við það að umræddur leikur ætti að fara þar fram. Þar var þó stödd kona sem virtist þekkja eitthvað til innan Aftureldingar og hringdi eftir upplýsingum. Því næst færði hún þjálfara Hattar þær fréttir að leikurinn yrði á Tungubakkavelli og kvartaði hann yfir því að hafa ekki verið látinn vita af þeirri breytingu.

Þessar breytingar voru ekki skráðar inn á mótaskrá KSÍ og Hetti var aldrei tilkynnt um þær. Þetta teljum við ekki í samræmi við reglu 15.7. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Það er þó ljóst að menn eru ekki að fara að láta slík smáatriði stoppa sig í að spila leik, þegar búið er að fljúga mannskapnum að austan. Samkvæmt þessari sömu reglu 15.7 hefur mótanefnd þannig heimild til að ógilda leiki þar sem leikstað er breytt án samþykkis mótanefndar. Mótanefnd er hinsvegar heimilt að láta úrslit leiks standa, sé að öðru leyti farið eftir reglum KSÍ.

Brotalamir þær sem voru í framkvæmd Aftureldingar á leiknum voru hinsvegar slíkar að það getur á engan hátt talist að fara að öðru leyti eftir reglum KSÍ. Þegar liðin yfirgáfu búningsklefa og gengu til leiks sem átti að hefjast kl 14:00 kom í ljós að engir dómárar voru mættir til leiks. Þjálfari Hattar lýsti mikilli óánægju með þetta við þjálfara Aftureldingar, en enginn forráðamaður Aftureldingar var sjáanlegur á svæðinu. Leikurinn hófst svo loks um 10 mínútum seinna en hann átti að gera, en þá hafði þjálfari Aftureldingar boðið þjálfara Hattar að tilnefna einn af sínum varamönnum til þess að taka að sér aðstoðardómara hlutverk. Því boði var hafnað á þeim forsendum að við værum mættir með leikmenn til að spila fótboltaleik og það væri hlutverk heimaliðs að sjá um dómgæslu leiksins. Framkvæmdin var ekki betri en sú að þegar ungur drengur klæddur í dómaratreyju mætti til leiks þurfti hann að byrja á að fá lánaðan keppnisbolta frá Hetti. Þjálfari Hattar sagði við dómáran að þessi framkvæmd væri algjörlega til skammar fyrir félagið, en hann sagðist ekkert geta gert að því og blés leikinn á. Regla 38.5 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót gerir það að verkum að lið Hattar varð að spila leikinn, enda þótt rætt hefði verið að gera það ekki. Töldum við háar sektir geta legið við því og því var leikurinn spilaður til enda við þessar aðstæður.

Það kom fljótlega í ljós að dómari leiksins hafði greinilega ekki mikla reynslu af dómgæslu og var þjálfari Aftureldingar spurður hvort þessi maður hefði réttindi til að dæma fótboltaleik, einu svörin sem komu af bekk Aftureldingar voru ummæli um dómgæslu fyrir austan fyrir um sumarið. Það var svo ekki til að hjálpa dómara leiksins að aðstoðardómáranir í leiknum voru samtals að minnsta kosti fimm, en þar voru á ferðinni leikmenn heimaliðsins sem voru á skýrslu sem leikmenn. Enda var það svo að leikmenn sem skipt var útaf tóku við flagginu fyrir aðstoðardómara sem fóru inn á völinn.

Samkvæmt reglu 19.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skal heimalið vera ábyrgt bæði fyrir dómara og aðstoðardómurum í C.deild 2.flokks. Gísli Magnús Garðarsson kt. 160292-2109 dómari leiksins hefur samkvæmt því sem við finnum í gagnagrunni KSÍ engin dómáraréttindi og er því með öllu óhæfur til að dæma leik í 2.flokki karla. Í reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn eru gerðar ákveðnar kröfur til dómara og aðstoðardómara í 2.flokki í 2. og 3.gr. Þá er það ljóst að það stenst enga skoðun að hafa spilandi leikmenn sem hluta af dómurum leiksins. Samkvæmt reglu 19.5 ber að setja leik á að nýju á heimavelli

aðkomuliðs, séu dómara með réttindi ekki mættir innan 30 mínútna frá því leikur á að hefjast. Í þessu tilfalli mættu dómara með réttindi einfaldlega aldrei til leiks.

Loks vísum við í grein 17.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. *Kapleikur er því aðeins gildur, að farið sé eftir lögum og reglugerðum KSÍ.*

Rök: Höttur telur alveg ljóst að mál þetta skuli tekið til efnismeðferðar, enda hafi framkvæmd þessari verið mótmælt eins og hægt var fyrir leik. Hinsvegar var enginn á staðnum nema leikmenn og erlendum þjálfari Aftureldingar. Þjálfarinn sagðist ekki bera ábyrgð á þessu, það ætti að vera listi í gangi og dómara sem ættu að mæta. Fljótlega eftir að leikur hófst bar þar að mann og var hann spurður hvort hann væri forráðamaður hjá Aftureldingu, en hann svaraði því til að hann væri aðeins þjálfari m.fl. kk. Hann fékk svo sem að heyra óánægju okkar með framkvæmdina, en ljóst að það þýddi lítið að kvarta formlega við hann frekar en aðra sem á svæðinu voru. Þá fengum við kennitölu hjá dómara leiksins strax að honum loknum og var honum tilkynnt það að þessi leikur færi inn á borð til KSÍ. Við viljum þó taka það fram að þar er á engan hátt við strákinn sjálfan að sakast, enda var hann settur í aðstöðu sem væri erfið, jafnvel fyrir þrautreyndan dómara.

Hvort þetta sé framkvæmd sem KSÍ telur sámandi fyrir leiki í Íslandsmóti 2.flokks er svo í höndum aga og úrskurðanefndar að kveða upp úr með. Við teljum hinsvegar að það sé of margt athugasemdir við þessa framkvæmd Aftureldingar á leiknum til að hægt sé að láta það óátalið. Þá teljum við víst að leikur þessi hefði spílast allt öðruvísi ef þar hefðu verið dómara sem væru starfi sínu vaxnir en ekki þátttakendur í leiknum sjálfir ásamt réttindalausum dómara.

III

Hið kærða félag lagði fram greinargerð og gerði m.a. eftirfarandi athugasemdir við framangreinda kærur:

„Varðandi leikvöll í C riðli Íslandsmóts 2.flokks karla hafa allir leikir flokksins farið fram á Tungubakkavelli og var mótastjóra og öðrum starfsmanni mótamála á skrifstofu KSÍ tilkynnt með tölvupósti að allir heimaleiki Aftureldingar færu fram á Tungubakkavelli sumarið 2010. Ekki er því við Aftureldingu að sakast að heimasíða KSÍ sé ekki með réttum upplýsingum þar sem þær bærust fyrir Íslandsmót til skrifstofu KSÍ.

Varðandi reglu 15.7. í reglugerð KSÍ var því leikstað ekki breytt og getur mótastjóri KSÍ borið vitni um það að allir heimaleikir Aftureldingar fóru fram á Tungubakkavelli sumarið 2010.

Varðandi framkvæmd leiks Aftureldingar/Hvíta Riddarans og Hattar/Einherja er mikilvægt að eftirfarandi komi fram:

Það er rangt með farið að Afturelding hafi ekki útvegað dómara á leik Aftureldingar/Hvíta Riddarans og Hattar/Einherja þann 12. september síðastliðinn.

Línuverðir sem settir voru á leikinn mættu hins vegar ekki til leiks og er einfaldlega um mannleg mistök að ræða. Starfsmaður Aftureldingar á Tungubökkum brást skjótt við þessu og tilkynnir þjálfara Aftureldingar um stöðu mála. Þjálfara Hattar/Einherja var einnig gert viðvart um leið og þetta kom upp og tilkynnt um að leikur hæfist nokkrum mínútum of seint af þessum sökum. Dómari leiksins var mættur og var þjálfara gestaliðsins tjáð að línuverðir hefðu klikkað og því gæti heimalið séð um línuverði eða tilnefna einn af sínum til verksins. Þjálfari gestaliðs féllst á að leikmenn heimaliðs mættu sinna hlutverki aðstoðardómara og

leikurinn hófst fáeinum mínútum of seint af þessum sökum. Eða 14:04 samkvæmt dómara og vallarstjóra á Tungubökkum.

Tekið skal fram að þjálfari Hattar/Einherja gerði aldrei athugasemdir við starfsmann Aftureldingar um ósætti vegna þessarar ákvörðunar að nota línuverði úr liði Aftureldingar og samþykkti beiðnina og getur þjálfari Aftureldingar vitnað um það.

Varðandi röksemdafærslu Hattar/Einherja er farið með rangt mál að enginn starfsmaður Aftureldingar hafi verið á staðnum. Starfsmaður Aftureldingar opnaði búningaþstöðu og var á staðnum allan leikinn og var mættur 90 mínútur fyrir leik. Þjálfara gestaliðs var gert það ljóst að mistök hafi átt sér stað varðandi hlutverk heimaliðs að ítreka leikinn við skráða aðstoðardómara og var málið leyst í fullu samráði við forráðamann gestaliðs fyrir áætlaðan leiktíma.

Varðandi dómara leiksins að þá var það ekki af ásetningi að starfsmaður dómaramála hjá Aftureldingu setti réttindalausán dómara í starfið. Það er ekkert við dómara leiksins að sakast í þessum efnum. Dómari leiksins og aðstoðardómarar dæmdu leikinn vel og til vitnis um það kom forráðamaður gestaliðs á tal við vallarstjóra Tungubakka og hafði orð á því að aðstoðardómarar hefðu ekki áhrif á gang leiksins þrátt fyrir að þeir teldust til leikmannahóps Aftureldingar. Einnig skal það tekið fram að dómarar leiksins dæmdu mark af heimaliðinu í þessum leik til vitnis um það að ekki var um neina heimadómgæslu að ræða eða ófagmennsku og fór leikurinn fram í mesta bróðerni.

Það er einnig rangt að þjálfari gestaliðs hafi rætt við dómara fyrir leik liðanna og kvartað yfir línuvörðum eða gert athugasemdir við hann beint um framkvæmd leiksins. Dómarinn getur vitnað um það.

Það er vandasamt verk fyrir aðildarfélög KSÍ að útvega dómara og aðstoðardómara í alla heimaleiki félagsins og í þessu tilfelli hefur Afturelding boðið uppá dómara og aðstoðardómara í alla leiki allra flokka karla og kvenna og mega önnur félög taka það til fyrirmyndar. Yfir 140 störf þurfti Afturelding að manna í 11-manna leikjum sumarsins og tókst að manna tríó á alla leiki að þessum undanskildum.

Tekið skal fram að í mörgum leikjum Aftureldingar á útivöllum tókst ekki að manna tríó á leiki og því voru það leikmenn heimaliðs í einhverjum tilfellum sem tóku að sér hlutverk aðstoðardómara eða var hreinlega leikið án þeirra.

Það er metnaðarmál hvers félags að standa vel að heimaleikjum síns félags og þykir stjórn knattspyrnudeildar það miður að ekki skyldi allt vera með eðlilegum hætti í þessu tilfelli og hefur hér með fært rök fyrir sínu máli.“

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er því haldið fram af kæranda að hið kærða félag hafi ekki staðið rétt að framkvæmd áður nefnds leiks málsaðila sem fram fór þann 12. september s.l. einkum hvað leikstað og dómara varðar.

Ljóst er af málavaxtarlýsingu kæranda að sá ágreiningur sem er til úrlausnar í þessu máli snýst um svokallað ástandsbrott. Um ástandsbrott segir orðrétt í grein 38.1. í lögum KSÍ um knattspyrnumót: „Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, stærð knattar eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram

við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrof.“

Ekki verður séð af gögnum málsins að kærandi hafi komið mótmælum sínum um framkvæmd leiks á framfæri fyrir leik við dómara og ekki verðu ráðið af athugasemdum kæranda um dómara leiksins að þær snúist um störf hans heldur fremur þá staðreynd að hann hafði ekki knattspyrnudómararéttindi.

Af þessu virtu og með hliðsjón af skýrum ákvæðum um ástandsbrof hér að framan verður ekki fallist á kröfu kæranda um að leika umræddan leika að nýju á heimavelli kæranda. Skulu því úrslits leiksins standa óhöggð

V.

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Aftureldingar/ Hvíta riddarans og Hattar/Einherja í Íslandsmóti C- deildar 2. flokks karla sem fram fór þann 12. september s.l. skulu standa óhöggð.

Gunnar Guðmundsson

Halldór Frímannsson

Þróstur Ríkharðsson

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.